

Starfsleyfi Sorpurðunar Vesturlands, Fíflholti - Breyting.

Aðdragandi

Þann 27. október 2016 sótti Sorpurðun Vesturlands um breytingu á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Fíflholti til að bregðast við fráviki í eftirlitsskýrslu frá 9. júní sama ár. Í starfsleyfi urðunarstaðarins er kveðið á um að sigvatn skuli leitt í Norðlæk og fari mengunarmælingar fram þar. Eins og staðan var á þeim tíma var sigvatn frá staðnum leitt í gegnum olíu- og fituskilju og þaðan í útrásarskurð er endaði í mýri um 800 metra frá Norlæk. Því er sigvatn ekki leitt í Norðlæk og marklaust að mæla mengunaefni í Norðlæk.

Með umsókninni barst tillaga að breytingunni á starfsleyfinu og lokunarfyrirmælum fyrir eldri urðunarstað við hlið núverandi urðunarstaðar þar sem *Norðlæk* var skipt út fyrir *Útrásarskurð*.

Umhverfisstofnun vann breytingu á starfsleyfinu í samræmi við tillögu rekstraraðila.

Þann 30. mars var breytingartillagan send til Heilbrigðisnefndar Vesturlands til umsagnar. Þann 4.

apríl til 30. maí var breytingartillagan svo auglýst í Lögbirtingarblaðinu, heimasíðu

Umhverfisstofnunar auk þess sem tillagan var send til Borgarbyggðar og óskað eftir að hún yrði kynnt á heimasíðu sveitafélagsins.

Engin athugasemd við tillöguna barst á auglýsingartíma.

Rökstutt álit stofnunarinnar á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið.

Hér er um að ræða minniháttar breytingu á staðsetningu á mengunarmælingum samkvæmt gildandi starfsleyfi sem gerir það að verkum að mengunarmælingar verða mun skilvirkari og minni líkur eru á að mengun berist frá staðnum án þess að koma fram í mælingum. Engar breytingar eru gerðar á starfsemi urðunarstaðarins.

Niðurstaða

Engar líkur eru á að mengun frá urðunarstaðnum aukist við þessa breytingu en meiri líkur eru á að mengun muni koma fram í mælingum þar sem þær verða marktækari.

Úrvinnsla athugasemda sem bárust á auglýsingartíma.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Breyting Umhverfisstofnunar á tillögu eftir auglýsingu.

Ákveðið var að fella út klausuna „Taka skal sýni innan við 5 m frá innrennsli sigvatns.“ er var fyrir neðan töflu í grein 5.2. Rekstraraðila er þar gefin kostur á að gera mengunarmælinguna þar sem hentar í útrásarskurðinum endar er hann allur innan marka urðunarstaðarins samkvæmt skipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna.